# Hvert örstutt spor

Jón Nordal
Halldór Laxness







Hvað jafnast á við andardráttinn þinn?
Hve öll sú gleði er fyr naut hugur minn
er orðin hljómlaus utangátta og tóm
hjá undrinu að heyra þennan róm,

hjá undri því, að líta lítinn fót
í litlum skóm og vita að heimsins grjót
svo hart og sárt er honum fjarri enn,
og heimsins ráð sem brugga vondir menn,

já vita eitthvað anda hér á jörð
er ofar standi minni þakkargjörð
í stundareilífð eina sumarnótt.
Ó alheimsljós, ó mynd sem hverfur skjótt.

© Jón Nordal - Íslensk tónverkamiðstöð, 1998

TMBald - nótnaritun '98